


Lestu textann og leystu verkefnið.

Alþingi Störf



Alþingi er sérstakt hús í Reykjavík þar sem þingmenn hittast til að tala um mikilvæg mál fyrir landið okkar. Þetta er eins og stór fundarsalur þar sem fullorðnir ákveða lög og reglur sem hjálpa öllum á Íslandi! Á Alþingi vinna ráðherrar og þingmenn.

Störf **forseta Alþingis** er að stýra fundum og passa uppá að allir fái að tala. Hann heldur uppi reglum og tekur á móti gestum. Hann er fulltrúi alþingis.



Þingmenn vinna á Alþingi

Þeirra störf eru að mæta á fundi og búa til lög og reglur. Ræða um vandamál og finna lausnir. Hlusta á það sem fólk þarf. Passa uppá lýðræðið. Þeir greiða atkvæði um lög og þeir tala fyrir hönd kjósenda. Þeir spyrja ráðherrana spurninga og leggja fram tillögur.

Á Alþingi vinna **ráðherrar**. Til að skýra út hlutverk þeirra prufaðu þá að hugsa um að Ísland sé risa stór skóli. Alþingi er þá eins og bekkjarfundur sem ákveður reglurnar í skólanum. Ráðherrarnir eru eins og umsjónarkennarar sem sjá um mismunandi hluta skólans.



Hver **ráðherra** hefur sitt verkefni.

Forsætisráðherra væri þá skólastjórinn sem passar upp á allt í skólanum og að allir vinni vel saman.

Fjármálaráðherra hann passar upp á peningana. Skólastjórinn er sá sem ákveður hvað er keypt og borgað með peningum skólans.



Mennta- og barnamálaráðherra sér um skólann og íþróttirnar. Hvað og hvernig á að kenna nemendunum í skólanum.

Heilbrigðisráðherra sér um sjúkrahús og heilsugæsluna og til dæmis hjúkrunarfræðinginn í skólanum okkar.



Umhverfisráðherra sér um náttúruna, passar að skólalóðin sé hrein og falleg. Hann passar upp á að við flokkum og förum vel með litina, blýantana og pappírinn. Höfum falletg og göngum vel um allt.

Segjum að það sé tekin ákvörðun á Alþingi að það eigi að byggja nýjan leikvöll í bænum, þá þarf sá ráðherra sem sér um umhverfi eða menntamál að taka þátt í að ákveða hvernig það sé gert.



Í hvaða húsi hittast þingmenn og ráðherrar til að sinna vinnunni sinni?

Hverjir vinna í Alþingishúsinu ?

- ☐ forseti Alþingis
- ☐ ráðherrar
- ☐ þingmenn

Þingmenn og ráðherra sjá um að búa til lög og reglur?

j á ☐ nei

Ef það á að búa til skólalóð hvaða ráðherra þarf þá að leita til ?

- ☐ umhverfiráðherra
- ☐ menntamálaráðherra
- ☐ heilbrigðisráðherra

Hvert er starf forseta Alþingis?

- ☐ hella upp á kaffi
- ☐ syngja
- ☐ stýra fundum



Hvað merkir orðið **starf**?

- ☐ leikvöllur
- ☐ pása
- ☐ vinna

Orð sem tengjast Alþingi störfum

Finndu 4 nafnorð og skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan		Finndu 4 lýsingarorð og skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan
	Raðaðu nafnorðunum í stafrófsröð. a á b d ð e é f g h i í j k l m n o ó p r s t u ú v x y ý þ æ ö	
nafnorð	stafrófsröð	lýsingarorð
	1.	
	2.	
	3.	
	4.	
Finndu 4 sagnorð og skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan		Búðu til samsettorð
		ráð + herra þing + maður heilbrigði + ráðherra umhverfi + ráðherra menntun + mál + ráðherra
sagnorð	leikur - orðflokkar	Samsett orð
		